

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, mánudaginn 20. maí 2019, og hófst kl: 16:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 16:00, og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin, samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti.

### 2. Nýr slökkviliðsstjóri kominn til starfa

Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., boðinn velkominn til starfa og var farið yfir helstu verkefni hans fyrstu dagana og vikurnar í nýju starfi. Þá vill stjórn og nýráðinn slökkviliðsstjóri þakka Jóni Jóhannssyni kærlega fyrir gott og óeigingjarnt framlag sitt í þágu brunavarna í A-Hún., og vonast eftir því að njóta starfa hans áfram með og fyrir slökkvilið A-Hún.

### 3. Staða mála hjá Brunavörnum A-Hún.

Ingvar fór yfir helstu stöður mála, hjá Brunavörnum A-Hún., og á þessum vettvangi á starfssvæðinu og í næsta nágrenni. Helstu áherslur hans voru:

- Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna.
- Búnaður slökkviliðsins og öryggi liðsmanna.
- Heilsufarsskoðanir slökkviliðsmanna
- Þá mun hann taka saman minnisblað/samantekt um áherslur sínar og senda á framkvæmdastjóra og stjórn á næstunni. **(sjá minnisblað)**

### 4. Verkefni framundan.

- Finna þarf bráðabirgðalausn á vatnsmálum á Gangaverssvæði, þar til fráveita og vatnsveita verður komin, síðar á árinu. *Lausn er í vinnslu.*
- Gera þarf áætlun um ástand brunahana í sveitarfélaginu, til þess að meta endurnýjunarþörf og viðhald þeirra. *Verður unnið að á næstu mánuðum.*
- Námskeið í eldvarnareftirliti verður í nóvember n.k., og mun það verða sótt af Ingvari slökkviliðsstjóra A-Hún.

### 5. Önnur mál:

- Rætt var almennt um möguleika á þróun starfsins, á næstu mánuðum og árum, m.a. með heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 17:45-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson (sign),

Magnús Valur Ómarsson (sign), Ingvar Sigurðsson (sign),

Valdimar O Hermannsson (sign)

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

---